



Efni: Heimild til að færa vef Hins Hússins undir Reykjavíkurvefinn

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja verkefni við að yfirfara og loka WordPress vefsvæðinu hitthusid.is, og færa efnið og þjónustuframboð yfir á vefsvæði Reykjavíkurborgar. Þannig verður það hluti af reykjavik.is, í takt við þróun vefmála hjá borginni. Með þessu er tæknistakkur og hönnun Reykjavíkurborgar nýttur og þannig komið í veg fyrir öryggisáhættu sem getur skapast á eldri vefjum.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 1265 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir verkefnaklasa nr. 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júní til október 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 2,5 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum og rekstrarkostnaður verður í framhaldi hluti af rekstri við vefsvæði reykjavik.is sem dreifist jafnt á öll svið.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Greinargerð:

Hitt húsið rekur WordPress vef sem er kominn til ára sinna og uppfyllir ekki lengur þarfir né öryggiskröfur. Vefsvæðinu fylgir hýsingarkostnaður og umsýsla, en upplýsingatækieild borgarinnar veitir ekki lengur tæknilega þjónustu og þróun fyrir WordPress vefi. Með því að loka þeim vef og færa hann undir reykjavik.is, er vefsvæðið samnýtt og hagkvæmni aukin með því að nýta vefumsjónarkerfi, hönnunarkerfið og þá þekkingu sem er til staðar hjá borginni í miðlægu vefteymi.

Verkefninu er ætlað að endurskoða framsetningu og gera þjónusturnar sem Hitt húsið veitir ungu fólki á aldrinum 16-25 ára sýnilegri á vef borgarinnar. Í kjölfarið getur starfsfólk menningar- og íþróttasviðs hjá Hinu húsinu einbeitt sér að efnisvinnu og þjónustuframboði í stað tæknilegrar umsýslu.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 2,5 m.kr.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 1265 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir verkefnaklasa nr. 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer er 253438.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Þróstur Sigurðsson
skrifstofustjóri Strafrænnar Reykjavíkur